

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála
Arnarhvoll við Austurvöll
101 Reykjavík
fjr@fjr.is



Reykjavík 24. mars 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða o.fl.)

Fjármála- og efnahagsráðuneytið birti drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða o.fl.), 19. mars sl. Í frumvarpinu kemur m.a. fram að vegna orkuskipta í samgöngum er talið nauðsynlegt að auka enn meira hlutdeild rafmagnsbifreiða í umferð og er því lagt til að hækka fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða sem geta notið ívilnunar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV. Samhliða þeirri hækkun eru lögð til ný fjárhæðarmörk ívilnunar sem tækju gildi um næstu áramót. Þá er einnig talið rétt að gera breytingar á heimild í ákvæði til bráðabirgða XXIV varðandi endursölu notaðra vistvænna bifreiða þannig að kveðið sé skýrt á um hver skilyrði hennar skuli vera. Samtök ferðapjónustunnar – SAF hafa farið yfir drögin að frumvarpinu á vettvangi sínum og vilja koma að eftirfarandi athugasemdum.

Skref í rétt átt en mörgu ósvarað

SAF munu í þessari umsögn ekki fjalla um boðaða hækkun á fjöldatakmörkun þar sem sú umræða verður tekin fyrir í sameiginlegri umsögn BGS, SAF og SVP.

Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir gerðar verði breytingar á heimild í ákvæði til bráðabirgða XXIV varðandi endursölu notaðra vistvænna bifreiða þannig að kveðið sé skýrt á um hver skilyrði hennar skuli vera. Samtökin telja boðaða breytingu sannarlega skref í rétta átt en leggja áherslu á að sólalagsákvæði og upphæðir verði að skoða betur þar sem ökutækjaleigur og fjármögnunarfyrirtæki munu eiga bíla sem falla undir niðurfellinguna, talsvert umfram gildistíma hennar. Það hefur í för með sér að þegar ökutæki verður selt þurfa ökutækjaleigur og fjármögnunarfyrirtæki að endurgreiða niðurfellinguna á meðan aðrir þurfa þess ekki, en það er hróplegt ósamræmi. Þá telja samtökin mikilvægt að til að ná markmiðum um orkuskipti verði endursöluákvæðið og útleiguákvæðið að vera með talsvert lengri gildistíma en niðurfellingin, helst ótímabundið. Í þessu samhengi er bent á minnisblað KPMG sem SAF sendi á fjármálaráðuneytið 21. janúar síðasliðinn. Þar kemur eftirfarandi fram:

Til úrbóta væri ef löggjafinn framlengdi heimildina til niðurfellingar virðisaukaskatts við endursölu bifreiða, eins og hún gildi á árinu 2021. Því mætti ná fram með því að auka við ákvæði XXIV til bráðabirgða við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, málsgrein sem yrðu 6. mgr. og gætu hljóðað svo:

Handhöfum starfsleyfis til rekstrar ökutækjaleigu, skv. [3. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015](#), og handhöfum leyfis til að stunda eignaleigu eða fjármögnunarleigu skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 3. tölul. 1. mgr. [20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002](#), er til og með 31. desember 2028 heimilt við skattskylda endursölu að undanþiggja frá skattskyldri veltu:

1. Söluverð rafmagns- eða vetnisbifreiðar að hámarki 6.500.000 kr.
2. Söluverð tengiltvinnbifreiðar að hámarki 4.000.000 kr.

Samtökin vilja með umsögn þessari ítreka það sem fram kemur í minnisblaði KPMG leggja til að fyrrgreind tillaga fari óbreytt inn í frumvarpsdrögin enda er um gríðarlegt jafnræðismál að ræða þegar kemur að endursölu ökutækja.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri